

Nd.

74. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

- a. Orðin „opna eða“ í 1. málsg. 3. gr. laganna falli burt.
- b. Á eftir síðustu málsg. sömu lagagreinar bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Skylt er og váttryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til váttryggingar, ef eigendur óska þess.

Greinargerð.

Breytingar þessar eru fluttar í tilefni af umkvörtunum, sem borizt hafa við að af landinu frá eigendum opinna vélbáta um að útgerð þessara báta, sem víðast er rekin aðeins skamman tíma ársins, geti ekki risið undir því að greiða iðgjöld af tryggingunum. Af þessum ástæðum er hér lagt til, að tryggingarskylda opinna vélbáta sé afnumin, en hinsvegar sé váttryggingarfélögum skylt að tryggja opna vélbáta fyrir þá eigendur, sem óska þess.